

Aðgengi að lyfjum

„Sameiginlegt alheimsátak ábyrgra þegna getur skipt sköpum“
Zackie Achmat, samtökum um aðgerðir til að tryggja lækni meðferð.

Málefni	Heilbrigði, hnattvæðing, mismunun og útlendingahatur
Þyngdarstig	Stig 4
Hópstærð	16–40
Tími	190 mínútur
Yfirlit	Þetta verkefni er sviðsetning á réttarhöldunum vegna alnæmislyfjanna í Suður-Afríku árið 2001. Þar er fjallað um vanda eins og: <ul style="list-style-type: none"> • HIV/alnæmi og aðgengi að lyfjum. • Lausn ágreiningsmála þegar réttindi virðast ósamrýmanleg
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Rétturinn til lífs og virðingar. • Eignarrétturinn.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að skapa skilning á því hve mannréttindamál eru flókin. • Að bera saman ólíkar leiðir við ákvarðanatöku (út frá andstæðum sjónarmiðum, með málamiðlun). • Að þroska samskipta- og samvinnuhæfileika.
Efniviður og aðstaða	<ul style="list-style-type: none"> • Flettitöfluarkir og pennar. • Hlutverkaspjöld fyrir réttarhöldin. • Leiðbeiningar um hópastarf, eitt eintak á hvern þátttakanda. • Lítil spjöld (10 x 6 cm). Eitt rautt og eitt grænt spjald á hvern þátttakanda. • Aðstaða til að halda sameiginlegan fund og vinna í smærri hópum.
Undirbúningur	<p>Fyrir 1. hluta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Útbúðu eintök af hlutverkaspjöldunum, eitt spjald á mann. <p>Fyrir 2. hluta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Útbúðu eintök af leiðbeiningunum um hópastarfið, eitt á mann. • Útbúðu eitt rautt og eitt grænt spjald fyrir hvern þátttakanda.

Leiðbeiningar

Þetta verkefni er í tveimur hlutum. 1. hluti er sviðsetning á réttarhöldunum og í 2. hluta er komist að samkomulagi.

1. hluti. Réttarhöldin (heildartími 65 mínútur)

1. Útskýrðu aðstaður. HIV/alnæmi er mjög alvarlegur heimsfaraldur en ástandið er þó verst í Afríku. Sjúkdómurinn er stórfellt vandamál í Suður-Afríku þar sem milljónir manna þjást og deyja ótímabærum dauða af því að þeir hafa ekki efni á þeim dýru lyfjum sem þeir þarfnast. Eina úrræðið er að nota ódýrari eftirlíkingar af lyfjunum. Helstu lyfjafyrirtækin eru á móti þessu. Þau vilja verja eignarrétt sinn og hafa því sameinast um að hindra öll ríki í því að líkja eftir vörum sínum og selja þær á lægra verði. Þeir hafa hafið málsókn á hendur ríkisstjórn

MÁLEFNI



HEILBRIGÐI



HNATTVÆÐING



MISMUNUN

ÞYNGDARSTIG

STIG 4


STIG 3

STIG 2

STIG 1


STIG 4

HÓPSTÆRÐ



16 – 40

TÍMI



190 MÍNÚTUR

Suður-Afríku sem hefur komið á fót dreifingu og sölu á ódýrum eftirlíkingum af alnæmislyfjunum.

2. Skýrðu þátttakendum frá því að þeir eigi að setja á svið réttarhöld sem fóru fram í Suður-Afríku árið 2001 vegna þessa máls. Spurningin er: Felur eignarrétturinn í sér lögmæt rök fyrir því að stefna lífi og mannlegri reisn fjölda fólks í hættu?
3. Skiptu þátttakendum í fjóra jafnstóra hópa sem verða fulltrúar fyrir Pharma Inc., ríkisstjórn Suður-Afríku, félaga í Samtökum um aðgerðir til að tryggja meðferð (Treatment Action Campaign, TAC) og dómara.
4. Láttu hópana hafa viðeigandi hlutverkaspjöld.
5. Gefðu hópunum 25 mínútur til að lesa spjöldin sín og undirbúa mál sitt og/eða spurningar fyrir réttarhöldin. Hver hópur verður einnig að velja sér fulltrúa sem kemur fram fyrir hönd hópsins og einn eða tvo aðstoðarmenn hans sem verða honum til fulltingis og hjálpa honum að svara spurningum í réttarhöldunum.
6. Þegar hóparnir eru allir tilbúnir skaltu kalla þá saman. Þeir eiga að halda sig áfram í hópunum fjórum.
7. Nú fá Pharma Inc., ríkisstjórn Suður-Afríku og TAC hver fyrir sig fimm mínútur til að gera grein fyrir afstöðu sinni og spyrja spurninga, ef einhverjar eru. Dómararnir ættu að kynna hópana til leiks, hvern af öðrum.
8. Dómararnir sjálfir fá nú tíu mínútur til að svara spurningum hópanna og draga saman mismunandi rök og afstöðu.

2. hluti. Komist að samkomulagi (heildartími 100 mínútur)

1. Láttu þátttakendur skipta sér í fjögurra manna hópa. Í hverjum hópi ætti að vera einn sem var áður fulltrúi Pharma Inc., einn úr ríkisstjórn Suður-Afríku, einn frá TAC og einn dómari.
2. Dreifðu leiðbeiningunum til vinnuhópanna. Gættu þess að allir skilji hvað þeir eiga að gera og hvernig nota skuli rauðu og grænu spjöldin. Hóparnir hafa 30 mínútur til að reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um það hvernig hægt sé að ná samkomulagi milli deiluaðila.
3. Kallaðu alla saman aftur og láttu þá skýra frá niðurstöðum viðræðna. Gefðu hverjum hópi fimm mínútur til að gera grein fyrir niðurstöðum sínum. Skrifðu helstu lausnir og vandamál á flettistöflu.
4. Þegar allir hópar hafa skýrt frá afstöðu sinni eða lausnum skaltu hefja umræður um ákvarðanaferlið. Þú gætir spurt:
 - Hversu auðvelt var að komast að sameiginlegri niðurstöðu?
 - Hverjir eru styrkleikar og veikleikar þessarar nálgunar?
 - Fylgdi því togstreita að reyna að sameinast um lausn og fá alla í hópnum til að vera sammála?
 - Hver voru erfiðustu vandamálin?
5. Þú gætir lokið þessum hluta verkefnisins með því að lesa eftirfarandi útdrátt úr úrskurði dómstólsins frá 19. apríl 2001. „Sá ásetningur (...) að stuðla að ódýrara aðgengi að lyfjum (...) er lofsverður ásetningur og, þegar horft er til alnæmisfaraldursins, æðsta stjórnskipuleg skylda sem tengist þeirri skyldu ríkisins að virða, verja, stuðla að og standa við ýmis grundvallarréttindi, þar á meðal réttinn til mannlegrar reisnar og lífs (sem talinn er grundvöllur allra annarra réttinda) (...) Ekkert réttlætir

Það (...) að strítt sé gegn þessum lögum með þeim hætti sem stefnendur fara fram á (þ.e. lyfjafyrirtækin).“

Samantekt og mat

Byrjað var að leggja mat á verkefnið í umræðunum í 2. hluta. Nú ætti að halda áfram með því að hvetja þátttakendur til að íhuga ferlið í heild og greina síðan helstu mannréttindamál sem liggja að baki réttarhöldunum. Lykilspurningar gætu t.d. verið:

- Höfðu þátttakendur heyrt um þetta mál áður?
- Hvað fannst þeim í upphafi?
- Breyttust skoðanir þeirra meðan unnið var að verkefninu?
- Hvað finnst þátttakendum um þessar tvær leiðir til ákvarðanatöku, annars vegar framsetningu andstæðra sjónarmiða og hins vegar málamiðlun? Hvor leiðin er vænlegri til árangurs? Hvernig á að skilgreina hvað er góður árangur?
- Hver voru helstu mannréttindamálin sem lágu að baki réttarhöldunum?
- Hvernig tengjast þessi málefni veruleika þátttakendanna sjálfra?
- Hvernig snerta þau fólk í heimalandi þeirra?

Ábendingar til leiðbeinanda

Þetta verkefni er tímafrekt því að málin eru flókin og þátttakendur þurfa að íhuga þau vel. Hafðu í huga að ekki þarf að ljúka báðum hlutum sama daginn; taka má þá fyrir í tveimur aðskildum lotum.

Tilgangurinn með notkun rauðu og grænu spjaldanna er að hjálpa þátttakendum að átta sig betur á því hvað það er sem stuðlar að eða kemur í veg fyrir ákvarðanatöku. Óskastaðan er sú að eftir umræðurnar og samningaumleitanirnar í 2. hluta sýni allir þátttakendur græn spjöld og sættist á sameiginlega lausn.

Í 2. hluta gætu sumir hópar komið sér saman um málamiðlun en aðrir ekki. Í umræðunni ættir þú að nota tækifærið til að fjalla um styrk og veikleika málamiðlunaraðferðarinnar við ákvarðanatöku. Segðu hópunum sem náðu samkomulagi að greina ekki einungis frá lokaniðurstöðu sinni heldur einnig aðalrökstuðningnum sem lá þar að baki. Segðu hópunum sem ekki komust að sameiginlegri niðurstöðu að gera grein fyrir því hvað færði þá í samkomulagsátt og hvað olli ágreiningnum á milli þeirra. Athugaðu: Nánari upplýsingar um samkomulagsferli eru í 1. kafla á bls. 59 og 60.

Mikilvægt er að fjalla um raunverulegar aðstæður fólks sem glímir við alnæmi í næsta nágrenni þátttakenda og aðlaga eða tengja verkefnið vandamálum sem það á við að glíma.

Athugaðu: Nafnið á samtökum lyfjafyrirtækjanna, Pharma Inc., er ekki til í raunveruleikanum.

Tillögur um framhald

Hægt er að ræða almennt um réttinn til lífs og mannlegrar reisnar í tengslum við heilbrigðismál.

Hægt er að afla sér upplýsinga um heilbrigðis- og mannréttindamál í alþjóðlegu samhengi. Skoða má vefsvæði helstu frjálsu félagasamtaka á þessu sviði (MSF, TAC, Christian Aid) og alþjóðastofnana (WHO) eða afla rita frá þeim. Hægt er að kanna hvaða aðgerðum hefur verið beitt til að stuðla að framförum í heilbrigðismálum og skrifa lista yfir þær á flettistöflu.

TAC stóð fyrir mjög árangursríkri herferð. Því miður verður árangur af sumum herferðum

Lykildagsetning

I. desember

Alþjóðlegi alnæmisdagurinn

ekki eins og að er stefnt. Margar ástæður geta verið fyrir því, en ein ástæðan kann að vera lélegt skipulag og ónóg kynning. Hópurinn getur kannað þessi vandamál og lært að beita árangursríkum baráttuáðferðum í verkefninu „Varið ykkur, við fylgjumst með!“ á bls. 245.

Takast þarf á við alnæmisvandann með öllum ráðum, og ekki síst með einstaklingsbundnum aðgerðum í daglegu lífi. Hvað myndir þú til dæmis gera ef þú yrðir vitni að því að einhver mismunaði öðrum eða væri mismunad vegna alnæmis? Þátttakendur vilja kannski velta fyrir sér hvernig þeim myndi líða og bregðast við í slíkum aðstæðum. .

Hugmyndir um aðgerðir

Reynið að komast að því hverjir vinna að umbótum í heilbrigðismálum í ykkar byggðarlagi og hvernig þið getið lagt ykkar af mörkum.

Nánari upplýsingar

Þetta verkefni er byggt á máli sem kom fyrir hæstarétt Suður-Afríku árið 2001. Samtök lyfjaframleiðenda í Suður-Afríku lögsóttu forseta landsins, Nelson Mandela, og aðra, þar á meðal Samtökin um aðgerðir til að tryggja meðferð (Treatment Action Campaign, TAC) fyrir að skeyta ekki um einkaleyfi þeirra á alnæmislyfjum og fyrir að flytja inn ódýrari samheitalyf til meðferðar á þeim milljónum landsmanna sem þjáðust af alnæmi.

Dómaramarnir urðu að taka tillit til hagsmuna og réttinda beggja aðila. Annars vegar héldu Samtök lyfjaframleiðenda fram eignarrétti sínum og rétti á jöfnuði eða frelsi í viðskiptum, starfsgreinum og sérfræðigreinum en hins vegar héldu ríkisstjórnin og TAC því fram að það væri skylda ríkisins að virða, verja, stuðla að og standa við grundvallarrétt borgaranna til mannlegrar reisnar og lífs.

Í sögulegum dómi komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að eignarrétturinn væri óæðri réttinum til mannlegrar reisnar og lífs og skyldi því vera takmörkunum háður. Þar af leiðandi létu lyfjaframleiðendurnir málið niður falla. Þessu var hvarvetna fagnað sem „sannkölluðum sigri Davíðs á Gólfat, ekki aðeins fyrir okkur hér í Suður-Afríku, heldur fyrir fólkið í mörgum öðrum þróunarlöndum sem berst fyrir aðgengi að heilbrigðisþjónustu“ (sameiginleg fréttatilkynning frjálsra félagsamtaka, 19. apríl 2001). „Þetta er sjaldgæfur og mjög þýðingarmikill sigur hinna fátæku yfir valdamiklum fjölþjóðlegum fyrirtækjum! En nú er mjög brýnt að við vinnum með lyfjaframleiðendum og ríkisstjórninni að því að koma lyfjum til þeirra sem þurfa á þeim að halda.“ (Kevin Watkins hjá Oxfam).

Alnæmi og hnattvæðing

Í ríkum löndum getur fólk með alnæmi lifað betra lífi og lengur með hjálp svokallaðra andretroveirulyfja sem ríkin útvega sjúklingum þeim að kostnaðarlausu. Í suðlægum löndum þjáist fólk sem er smitað af alnæmisveirunni meira og deyr fyrr vegna þess að því býðst engin alnæmismedferð. Að meðaltali eru árleg útgjöld þessara landa á mann vegna heilbrigðisþjónustu um 10 bandaríkjadalir en þrjúþætti meðferðin sem stendur fólki í norðlægari löndum til boða kostar 10–15 þúsund bandaríkjadali á ári.

Fátækt, fáfræði og félagslegur ójöfnuður hraðar útbreiðslu faraldursins en viðfangsefnið er umfram allt pólitískt, og þar þurfa ríkisstjórnir, alþjóðastofnanir og lyfjafyrirtæki að leggjast á eitt. Ef baráttan gegn alnæmi á að bera árangur er brýnt að hún fái stuðning alþjóðlegra samninga og stofnana. Þar ber fyrst að nefna Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO), samninginn um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS), hinn almenna samning um þjónustuviðskipti (GATS-samninginn) og nefndina um lausn ágreiningsmála, sem í rauninni er nokkurs konar dómstóll Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

EFNI TIL DREIFINGAR

Hlutverkaspjöld fyrir réttarhöldin

Hlutverkaspjald: Pharma Inc.

Þið eruð hópur forsvarsmanna Pharma Inc. Fyrirtæki ykkar er einn af stærstu lyfjaframleiðendum heims. Þið hafið keypt réttinn til framleiðslu, sölu og dreifingar á mikilvægum alnæmislyfjum. Þið verðið að skila hagnaði svo að hluthafar fyrirtækisins séu ánægðir. Þess vegna viljið þið verja rétt fyrirtækisins til að ráða söluverði á vörum sínum með tilliti til kostnaðar við rannsóknir, framleiðslu og laun starfsfólks. Ef þið leyfið öðru fyrirtæki einfaldlega að líkja eftir vörum ykkar og selja þær á lægra verði myndi það stefna ágóða fyrirtækisins og tilvist þess í voða. Þið hafið því bundist samtökum með öðrum leiðandi lyfjafyrirtækjum um að koma í veg fyrir að nokkurt ríki geti leyft framleiðslu á eftirlíkingu af vörum ykkar og sölu á þeim á lægra verði og um að höfða mál gegn þeim ef þess gerist þörf. Þið hafið höfðað mál á hendur ríkisstjórn Suður-Afríku.

Takið nú saman röksemdir til að verja málstað ykkar. Þið fáið fimm mínútur til að gera grein fyrir þeim í réttarhöldunum.

Hlutverkaspjald: Ríkisstjórn Suður-Afríku

Þið eruð valdhafar í ríkisstjórn Suður-Afríku. Ríkisstjórnin er að reyna að andmæla kröfu lyfjafyrirtækjanna sem hafa höfðað mál gegn ykkur. Pharma Inc. reynir að hindra að nokkurt ríki geti leyft eftirlíkingu af vörum þeirra og sölu á þeim á lægra verði, það er að segja undir útsöluverði á þeirra eigin framleiðsluvörum. Í meginatriðum eruð þið sammála sjónarmiðum Pharma Inc.

Hins vegar halda fjöldahreyfingar, undir forystu Samtakanna um aðgerðir til að tryggja meðferð (TAC), því fram að það sé stjórnskipuleg skylda ríkisins að sjá fyrir aðgangi að ódýrum lyfjum, sérstaklega þegar um er að ræða alnæmi. Þið hafið brugðist við pólitískum þrýstingi frá almenningi og byrjað að leyfa innflutning á ódýrum samheitalyfjum frá löndum eins og Indónesíu.

Takið nú saman röksemdir til að verja málstað ykkar. Þið fáið fimm mínútur til að leggja þær fram í réttarhöldunum.

Hlutverkaspjald: Samtökin um aðgerðir til að tryggja meðferð (TAC)

Þið eruð hópur baráttumanna sem eru í forsvari fyrir Samtökin um aðgerðir til að tryggja meðferð (TAC) í Suður-Afríku. Samtökin halda því fram að ríkinu beri að veita aðgang að ódýrum lyfjum, og sérstaklega gegn alnæmi. Ríkisstjórnin hefur brugðist við þessu og hafið innflutning ódýrari lyfja.

Þið haldið því einnig fram að ríkinu beri að sjá sjúklingum og samtökum sem berjast gegn alnæmi fyrir fjárhagslegum úrræðum. Lyfjafyrirtæki hafa nú stefnt ríkisstjórn Suður-Afríku fyrir rétt til að hindra allar eftirlíkingar og sölu lyfja á lægra verði. Þið hafið því ákveðið að taka höndum saman við stjórnvöld um að styðja ríkið í því að sjá þegnumum fyrir aðgangi að ódýrum lyfjum.

Takið nú saman röksemdir til að verja málstað ykkar. Þið fáið fimm mínútur til að gera grein fyrir þeim í réttarhöldunum.

EFNI TIL DREIFINGAR

Hlutverkaspjald: Dómarar

Þið eruð hópur dómara sem á að leiða til lykta tilraun leiðandi lyfjafyrirtækja til að lögsækja ríkisstjórn Suður-Afríku og hindra hana í að leyfa eftirlíkingar af lyfjum þeirra og sölu á lægra verði. Baráttumenn í Samtökunum um aðgerðir til að tryggja meðferð (TAC) verja málstað ríkisstjórnarinnar.

Hlutverk ykkar er að kalla til þessa þrjá aðila til að gera grein fyrir afstöðu sinni. Þegar aðilar hafa flutt mál sitt eigið þið ekki að fella neina dóma eða komast að endanlegri niðurstöðu. Hlutverk ykkar er að varpa ljósi á málin og taka saman rök með og á móti.

Aðalvandinn liggur í því hvernig hægt er að leysa ágreining þegar mannréttindi virðast ósamrýmanleg. Varnaraðilar (ríkisstjórnin og TAC) halda fram réttinum til lífs og mannlegrar reisnar en sækjandinn (Pharma Inc.) heldur fram eignarréttinum. Í opinberu dómsskjölunum var þetta sett þannig fram:

“Rétturinn til lífs og mannlegrar reisnar er mikilvægastur allra mannréttinda og undirstaða allra annarra persónulegra réttinda. Þar sem við skuldbindum okkur til að grundvalla samfélagið á viðurkenningu mannréttinda verðum við að virða þessi tvenns konar réttindi umfram öll önnur. Og þetta verður ríkið að sýna í öllu því sem það gerir, þar á meðal í því hvernig það refsar afbrotamönnum.“

Og hins vegar

„Eignarrétturinn er varinn með 25. grein stjórnarskrár Suður-Afríku sem kveður á um eftirfarandi: „Eignarréttur 25 (1): Engan skal svipta eign sinni nema lögum samkvæmt, og engin lög mega leyfa eignarsviptingu að geðþótta““.

Þið ættuð að undirbúa spurningar til að leggja fyrir málsaðilana þrjá. Þið hafið tíu mínútur til að spyrja spurninganna og hlusta á svörin.

Leiðbeiningar fyrir vinnuhópina í 2. hluta

Þið eruð fjögurra manna hópur og hvert ykkar er fulltrúi eins af hópunum fjórum:

- Pharma Inc.,
- ríkisstjórnar Suður-Afríku,
- baráttumanna í Samtökunum um aðgerðir til að tryggja meðferð (TAC),
- dómaranna í málinu sem lyfjafyrirtækin höfðuðu.

Leiðbeiningar

1. Hver og einn á að gera grein fyrir sér og þeim aðila sem hann er fulltrúi fyrir, það er hlutverkinu sem hann fer með.
2. Síðan á hver og einn að lýsa því hvað honum fannst um stöðu mála þegar réttarhöldunum lauk. Ef þeir halda að auðvelt verði að finna lausn sýna þeir grænt spjald en ef þeir halda að það verði erfitt sýna þeir rautt.
3. Nú þurfið þið að reyna að komast að viðunandi niðurstöðu sem byggist á samhljóða álitu aðilanna fjögurra. Þið ættuð að láta umræðuna ganga í hring. Dómarinn stýrir umræðunni og greinir síðastur frá afstöðu sinni.
 - Fyrsta umferð: lýsið álitinu ykkar
 - Önnur umferð: kynnið hugmyndir ykkar um lausn málsins
 - Þriðja umferð: semjið út frá þeim lausnum sem settar hafa verið fram
4. Hlustið vel hvert á annað. Í lok hverrar umferðar skuluð þið sýna spjaldið ykkar til að sýna hversu líklegt þið teljið að finna megi viðunandi lausn.
5. Þegar samkomulagsferlinu lýkur veljið þið einhvern einn til að gera grein fyrir niðurstöðunum á sameiginlegum fundi.